

2. gr.

75

4. júlí

5. gr. laganna skal orða svo:

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

76

4. júlí

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenskum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenskum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu álitni heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimpekideildar Háskóla Íslands.

76 Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó 4. júlí aldrei lengur en 4 ár.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

77

7. júlí

AUGLÝSING

um breyting á aðflutningsgjöldum á vörum, sem eru taldar í 18. gr. laga nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá deginum í dag að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið er úr framkvæmd sérákvæði það, sem um ræðir í 18. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. Af þessu leiðir, að af vörum þeim, sem taldar eru í nefndri 18. gr. tollskrárlaganna og eftirleiðis eru teknar til tollmeðferðar, ber að greiða aðflutningsgjöld eftir því, sem segir í 1. gr. tollskrárlaganna, en vara telst tekin til tollmeðferðar, er hlut- aðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vörurnar, sem afhenda skal þangað vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að afgreiða vörurnar þegar í stað.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1942.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.